

## Sumarstörf á Silfurtúni

Óskað er eftir starfsfólki á Dvalar- og hjúkrunarheimlið Silfurtún í afleysingarstörf í sumar og fram á haust.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Eypór J. Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251.

## Lengd gæsla - frístundaleiðbeinandi

Starf frístundaleiðbeinanda við lengda gæslu grunnskólabarna á yngsta stigi er laust til umsóknar.

Vinnutími er að jafnaði kl. 12:00 – 15:30/17:30 á föstudögum og eftir atvikum afleysingar kl. 15:00 - 17:30 mánudaga til fimmtudaga.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar sem fyrst.

## Sælingsdalslaug mars

Opnunartímar í Sælingsdalslaug í mars eru á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardögum kl. 14-18.

Lokað er í Sælingsdalslaug yfir páskahelgina, það er fimmtudaginn 24. mars (skírdag) og laugardaginn 26. mars.

## Íbúagátt

Af tæknilegum ástæðum þarf að fara inn á íbúagátt Dalabyggðar með Google Chrome vafranum. Internet Explorer virkar ekki fyrir íbúagáttina.



# DALAPÓSTURINN

2. tölublað, 9. árgangur

1. mars 2016

Samráðsfundur um þjóðlendurkröfur Fjármála- og efnahagsráðherra hefur afhent óbyggðanefnd þjóðlendurkröfur á svæði 9A, Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi.

Landeigendur og aðrir þeir sem málið varða eru boðnir til samráðsfundar þriðjudaginn 8. mars n.k. þar sem rætt verður um kröfur ríkisins og viðbrögð við þeim.

Fundurinn verður í félagsheimilinu Árbliki og hefst kl. 20:00

Fundurinn er öllum opin.

## Byggðasafn - sögustund

Næsta sögustund verður á Byggðasafni Dalamanna laugardaginn 5. mars kl. 15. Þá mun safnvörður fjalla um snjóflóð og skriðuföll í Dölum. Ljósmyndir Jóns og Guðmundar í Ljárskógum frá Þjóðminjasafni Íslands munu og liggja frammi til greiningar.

Aðgangseyrir er sem fyrr 500 kr, kaffi á könnunni og Sælingsdalslaug opin kl. 14-18.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Þjóðlendukröfur í Dalasýslu

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur sínar um þjóðlendu á svokölluðu svæði 9A, Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi. Óbyggðanefnd hefur nú kynnt þessar kröfur í þeim tilgangi að ná til þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Þrettán þjóðlendukröfum hefur þannig verið lýst af hálfu lögmanns fjármála- og efnahagsráðherra í Dalasýslu.

- Botn við Svínbjúg
- Fjalllendi Hrafnabjarga
- Fjallendi Fremri Vífildals
- Landsvæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði
- Sauðafellsselland
- Geldingadalur
- Landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga
- Jörfaafréttur
- Stóri-Vatnshornsmúli
- Fjallendi Skarðs
- Vatns-Þverdalur
- Flekkudalur
- Svínadalur/Hölnárheiði/Fosssel

Nákvæma afmörkun og yfirlitskort er að finna á heimasíðu óbyggðanefndar ([www.obbyggdanefnd.is](http://www.obbyggdanefnd.is)) og á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal. Kröfur þessar voru birtar með lögformlegum hætti í Lögbirtingablaðinu fimmtudaginn 18. febrúar 2016. Þar er skorað á þá sem telja til eignarréttinda á þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða, nánar tiltekið í síðasta lagi miðvikudaginn **18. maí 2016**.

Að loknum framangreindum fresti fer fram opinber kynning á heildarkröfum (ríkis og annarra) sem stendur í einn mánuð. Einnig verður svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málin eru síðan tekin fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra þau að öðru leyti. Loks fer fram svokölluð aðalmeðferð, með tilheyrandi vettvangsskoðun, skýrslutökum og málflutningi. Að lokinni aðalmeðferð eru mál tekin til úrskurðar og úrskurðir kveðnir upp í kjölfarið.

Verkefni óbyggðanefndar er að úrskurða um annars vegar kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins og hins vegar kröfur þeirra sem telja sig eiga öndverðra hagsmuna að gæta, nánar tiltekið um 1) hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2) hver séu mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3) hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu.